

1865.

30. ágúst.

Útaf þessu gefst yður hérmeð til vitundar sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að þaræð sjá má á eptirritinu af bréfi bæjarfógetans til klerks þess, sem að ofan er nefndur, þar sem hann tilkynnir klerknum bréf dómsmálastjórnarinnar frá 29. júnímán. f. á., að embættismaður þessi einasta hefir bannað honum að halda guðsþjónustugjörð í hverju formi, sem er, fyrir þá, sem eru landsins trúar, finnst stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að halda lengra út í þetta mál. Tvö fylgiskjöl eru send aptur.

30. ágúst.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum m. m.

Eins og vikið er á í bréfi dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsins 6. aprílmán. þ. á., hefir dómsmálastjórnin borið sig saman við aðalstjórn skattgjaldanna um það, hvort ekki ætti að gjöra breytingu á reglum þeim, sem nú er farið eptir, þegar útlend skip eru keypt á Íslandi, bæði um það, hver gjöld þá beri að greiða, og hvernig eigi að útvega skipunum einkunn innlendra skipa.

Um hið fyrra atriðið, það er að segja aðkaupsgjaldið, verður, að því er aðalskattgjaldastjórnin hefir sagt, framvegis fyrst um sinn að fara eptir ákvörðuninum í tilskipun 1. maímán. 1838, með því að lögin frá 4. júlímán. 1863 um toll- og skipagjöld ekki verða beinlínis heimfærð uppá Ísland. En þaræð svo er fyrir skipað í 15. grein laga þeirra, er nú voru nefnd, að gjalda eigi toll eptir tollskránni af skipum þeim og bátum, er danskir þegnar, sem eiga heima í konungsríkinu, eignast frá Íslandi (eins og líka frá Færeyjum og Grænlandi), þá leiðir af þessari ákvörðun, að þegar skip eru aðflutt frá Íslandi til konungsríkisins, verður að gjalda toll af þeim hér, án þess að tollstjórnin geti tekið það til greina, þó goldið hafi verið af þeim aðkaupsgjald áður; og það var líka þessu samkvæmt að aðaltollstjórnin úrskurðaði, að gjalda ætti aðkaupsgjald eptir

1865.

30. ágúst.

tollskránni af skonnortunni „Fleur de Marie“, sem getið er um í ofanefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar, þá er hún var flutt hingað, þrátt fyrir það að borgað hafði verið aðkaupsgjald af henni á Íslandi.

Það væri því án efa mjög æskilegt að komið væri nýrri skipun á málefni þetta, en hvernig hún ætti að vera, verður, að því er virðist, að miklu leyti að vera komið undir því, hvernig fyrirkomulagið á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins verður framvegis, og þareð ekki er útljád um það enn, hefir þókt vera réttast að láta tilhögun þá sem nú er vera óbreytta, þangað til fjárhagsmálið er komið lengra áleiðis. En til þess þó, eins og unnt er, að bæta úr ósanngirni þeirri, er leidd getur af því skipulagi, sem nú er, hefir aðalskattgjaldastjórnin gefið í skyn, að þegar hlutaðeigendur fari þess á leit, muni í hvert skipti verða sérstaklega íhugað, hvort ekki verði komið hjá því, að tollurinn verði goldinn tvisvar, og þá á þann hátt, að gjald það sem borga skal á Íslandi verði gefið upp eða borgað aptur, einkum þegar svo stendur á, að sami maður greiðir gjald þetta á báðum stöðum.

Um hitt atriðið, sem tekið er fram hér að ofan, það er að segja um það, hvernig eigi að útvega útlendum skipum, sem þeir menn eignast, er eiga heima á Íslandi, einkunn innlendra skipa, þá hefir aðalskattgjaldastjórnin játað að þörf sé á, að tilhöguninni á því sé líka breytt og þó einkum á þann hátt, að mönnum, sem eiga heima á Íslandi og eiga skip, sé gefinn kostur á að útvega skipum sínum einkunn innlendra skipa og leyfi til að hafa danskt flagg, svo þau verði aðnjótandi þeirra hagsmuna, sem því eru samfara, án þess að skipin til þessa þurfi að koma á tolltöku-stað í konungsríkinu, eins og nú verður að vera. En til þess að þessu verði til leiðar komið, og einkanlega til þess að skjöl þau, sem eiga að sanna þjóðerni skipanna, séu tekin gild í útlöndum, álitur aðalskattgjaldastjórnin að það verði að löggilda ákvarðanir þær á Íslandi, sem gilda um þetta efni í konungsríkinu, þannig, að embættismanni á Íslandi sé veittur myndugleiki til að gjöra ráðstafanir þær, er þurfa til þess, að skipin fái einkunn innlendra skipa, það er, að mæla skipin, brenna á

1865.
30. ágúst.

þau mörk, er á þeim þurfa að vera, gefa út skýrteini þau, er sanna að skipið sé danskt, og hafa fullkomna skipaskrá, og sé sama aðferðin við höfð hvort sem skipin eru látin fara hafna á milli á Íslandi eða til útlanda.

Aðferð sú, sem höfð er nú sem stendur í konungsríkinu, þá er skip eru mæld, samkvæmt auglýsingu fjárstjórnarinnar 27. maímán. 1861, er fylgir með bréfi þessu, er samt álitin vera fremur óhagfelld, og hefir því þókt æskilegt, að reglum þeim, sem gefnar eru í auglýsingunni, sé breytt svo, að sama aðferð verði höfð hér og á Englandi. Í vetur er leið var sett nefnd manna til þess að ílhuga þetta málefni og líka það, hvernig eigi að haga skipaskráum og skjölum þeim, er eiga að sanna þjóðerni skipa; hefir nefndin nú komið fram með uppástungur sínar og samið tvö lagafrumvörp, annað um skipamælingar og hitt um skrásetning og þjóðernisskýrteini danskra skipa.

Um leið og vèr nú sendum yður, herra stiptamtmaður, þau tvö lagafrumvörp, er nú voru nefnd, skorum vèr á yður eptir beiðni aðalskattgjaldastjórnarinnar, að láta land- og bæjarfógetann í Reykjavík skýra frá álitinu sínu um þau, og bæði að láta í ljósi álit sjálfs yðar um það, hvort ákvarðanirnar í frumvörpum þessum geti átt við á Íslandi, og líka að koma með uppástungu um, hvernig eigi að koma ráðstöfunum þessum á þar á landi. Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur með svari yðar.

11. sept.

71. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um barnalærdómsbók Balslevs.

Sira Ólafur Pálsson, prófastur og dómkirkjuprestur, hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, um að nota megi útleggingu af lærdómsbók Balslevs, sem hann hefir samið, jafnhliða lærdómsbók Balles, þegar börn á Íslandi eru undirbúin undir fermingu. Eptir að stjórnarráðinu hefir nú borizt álitsskjal yðar, háæruverðugi herra, um bænarskrá þessa, dagsett 8. f. m., skal